

21. fundur hreppsnefndar Ásahrepps var haldinn á skrifstofu Ásahrepps þriðjudaginn 9. júní og hófst hann kl. 15:00.

Fundinn sátu:

Egill Sigurðsson, Brynja Jóna Jónasdóttir, Karl Ölvísson, Nanna Jónsdóttir, Elín Grétarsdóttir boðaði forföll og mætti Tyrfingur Sveinsson varamaður í hennar stað.

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Nanna Jónsdóttir.

Oddviti setti fund, bauð fundarmenn velkomna og leitaði eftir athugasemdum við fundarboðið.

Dagskrá:

1. Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs.

kl. 15:00 mætti Pétur Ingi Haraldsson Skipulagsfulltrúi.

Pétur fór yfir starfsemi byggðarsamlagsins. Þau sveitarfélög sem aðild eiga að byggðasamlaginu eru: Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur. Byggðasamlagið hefur það hlutverk að annast lögbundin verkefni byggingarfulltrúa og skipulagsfulltrúa á starfssvæði samlagsins.

Pétur víkur af fundi kl: 16:25.

2. Fundargerð 19. fundar hreppsnefndar.

Fundargerð 19. fundar hreppsnefndar Ásahrepps frá 18. maí yfirfarin.

3. Fundargerð 20. fundar hreppsnefndar.

Fundargerð 20. fundar hreppsnefndar Ásahrepps frá 4. júní yfirfarin.

4. Landbótasjóður Landgræðslunnar árið 2015, styrkur til aukinnar landgræðslu.

Ásahreppi hefur verið úthlutað styrk úr Landbótasjóði Landgræðslunnar til uppgræðslu á Búðarhálsi við Stóru hestatorfu á Holtamannafrétti að upphæð 1.340.000 kr. Styrkurinn er til aukinnar landgræðslu fyrir árið 2015, landgræðsluaðgerðum á að vera lokið í júní eða eigi síðar en 10. júlí n.k. Hreppsnefnd vísar erindinu til fjallskiladeildar Holtamannafréttar til framkvæmdar og afgreiðslu. Samþykkt.

5. Ásaljós.

Kl. 17:00 mætti Guðmundur Daníelsson verkefnastjóri og fór yfir stöðu verkefnisins.

Sveitarstjóri kynnrir drög að samningi við mögulegan eftirlitsmann með framkvæmd við lagningu ljósleiðaralagna, Sævar Eiríksson. Sævar var meðal annars eftirlitsmaður með ljósleiðaravæðingu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi 2012-2013, Hvalfjarðasveit 2013-2014 og Ölfusi 2014-2015.

Eftirlitsmaður sér um daglegt eftirlit við framkvæmd við lagningu ljósleiðaralagna, þar með talið að lagning röra, blástur ljósleiðarastrengs og tengingar sé unnar á fullnægjandi hátt. Hann annast eftirlit með verkinu í samstarfi við verkefnisstjóra, hefur eftirlit með að farið sé eftir viðeigandi reglum um öryggi á vinnustað og sinnir öðrum þeim verkefnum sem yfirmaður felur honum. Eftirlitsmaðurinn verður starfsmaður sveitarfélagsins á meðan verkið sendur yfir.

Guðmundur víkur af fundi kl: 18:05.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir að ráða Sævar Eiríksson sem eftirlitsmann með Ásaljósi.

Sveitarstjóra falið að ganga frá samningi við Sævar.

Samþykkt.

6. Fundargerðir.

- a) **89. fundur Skipulagsnefndar haldinn 13. maí sl. mál nr. 7 og 8 þarfnast umfjöllunar. Mál nr. 14 og 29 eru til kynningar.**

Mál nr. 7: 1505032 - Hrútur 2: Hrúthagi: Deiliskipulag

Hrúthaga lnr. 172701, tillaga að deiliskipulagi spildu sem kallast Hrútur 2 og er 22,7 ha að stærð og liggur upp að Bugavegi. Í deiliskipulaginu er afmarkaður byggingarreitur fyrir íbúðarhús, gestahús, bílgeymslu, skemmu, gróðurhús og hesthús. Heildarflatarmál mannvirkja yrði allt að 1.000 fm. *Að mati skipulagsnefndar er ekki æskilegt að gera ráð fyrir að byggingarreitur fyrir íbúðarhús og gestahús sé nær þjóðvegi en 50 m, sbr. kröfur skipulagsreglugerðar. Nefndin gerir ekki athugasemd við að kynnt verði lýsing deiliskipulags ef byggingarreitur fyrir íbúðarhús og gestahús er í a.m.k. 50 m fjarlægð. Þá telur nefndin ekki heppilegt að gera ráð fyrir svona mörgum húsum á einum byggingarreit.*

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar.

Mál nr. 8: 1505017 - Sigöldulína 3: Ásahreppur: Framkvæmdaleyfi.

Umsókn Landsnets dags. 6. maí 2015 um framkvæmdaleyfi fyrir endurnýjun tveggja mastra Sigöldulínu 3 í tengslum við aukningu á flutningsgetu línunnar. Núverandi möstur verða tekin niður og ný sett upp sem eru eins að útliti.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að gefið verði út framkvæmdaleyfi í samræmi við ofangreinda umsókn.

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar.

Mál nr. 14: 1503070 – Skotlandsferð skipulagsnefndarinnar.

Fyrir liggja drög af skýrslu ferðar nefndarinnar til Skotlands en endanleg útgáfa mun vera lögð fyrir sveitarstjórn.

Mál nr. 29: 1504002F – Afgreiðsla byggingarfulltrúa.

Fyrir liggur afgreiðsla byggingarfulltrúa frá 29. apríl 2015.

- b) **90. fundur Skipulagsnefndar haldinn 28. maí sl. mál nr. 22 til kynningar.**

Mál nr. 22: 1505002F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 15-07.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa dags. 20. maí 2015.

- c) **26. fundur Félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu haldinn 1. júní. sl. liður 2. B og C þarfnast staðfestingar.**

2.B. Reglur varðandi vinnu starfsmanna í umboði nefndarinnar.

Samþykkt.

2.C. Reglur um félagslega liðveislu.

Samþykkt.

- d) **16. fundur Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu haldinn 4. júní. sl.**

Lagt fram til kynningar.

- e) **11. stjórnarfundar Lundar og ársreikningur Lundar ársins 2014.**

Lagt fram til kynningar.

- f) **6. fundur fræðslunefndar Rangárþing ytra og Ásahrepps haldinn 3. júní sl. Liður 2 þarfnast umfjöllunar.**

Liður 2. 1506002 - Skólanámsskrá - Leikskólinn Laugalandi.

Samþykkt.

- g) **1. fundur samstarfsnefndar lögreglustjóra og sveitarstjóra í umdæmi lögreglustjórans á Suðurlandi haldinn þann 25. mars sl.**

Lagt fram til kynningar.

7. Erindi til hreppsnefndar.

- a) **Bréf frá Umhverfisstofnun vegna endurskoðunar á samningi Umhverfisstofnunar og sveitarfélaga um refaveiðar 2014 – 2016.**

Fyrirliggjandi viðauki við samninginn samþykktur.

- b) **Þjónustusamningur um málefni fatlaðs fólks.**

Sveitarstjórnir Bláskógabyggðar, Grímsnes- og Grafningshrepps, Hrunamannahrepps, Hveragerðisbæjar, Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Sveitarfélagsins Árborgar, Sveitarfélagsins Ölfuss, Flóahrepps, Ásahrepps, Mýrdalshrepps, Rangárþings eystra, Rangárþings ytra og Skaftárhrepps, sem hafa stofnað með sér byggðasamlagið Bergisann bs. gera með sér: þjónustusamning um málefni fatlaðs fólks.

Samningurinn er í samræmi við lög nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks og samkomulag frá 23. nóvember 2010 á milli ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu þjónustunnar til sveitarfélaganna. Stofnun byggðasamlagsins Bergisans bs. byggir á 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Samþykkt.

c) Samningur milli Árborgar og Bergisans bs. vegna þjónustu við fatlað fólk.

Félagsþjónusta Sveitarfélagsins Árborgar annast sérhæfða ráðgjöf og nokkra sértæka þætti fyrir félagsþjónustuvæðin þrjú.

Lagt fram til kynningar.

d) Beiðni frá Framkvæmdastjóra SASS þar sem óskað er eftir tilnefningum á tveimur kjörnum fulltrúum frá hverju bæjar- og sveitarfélagi á Suðurlandi til þátttöku á fundum um svæðisskipulag og mögulegt hlutverk þess við byggðaþróun.

Tillaga um að skipa Nönnu Jónsdóttur og Egil Sigurðsson í vinnuhópinn.

Samþykkt.

e) Beiðni frá Hapdrætti Krabbameinsfélagsins um stuðning við rannsóknir á krabbameini með kaupum á miðum í sumarhapdrætti, dregið verður þann 17. júní 2015.

Samþykkt að kaupa 5 miða á 1.500 kr. stk.

f) Lögreglustjóri Suðurlands. Samstarfsyfirlýsing, sveitarfélaganna á Suðurlandi samþykkja að beita sér fyrir átaki gegn heimilisofbeldi í samvinnu við lögregluna á Suðurlandi.

Samþykkt.

g) Beiðni frá Kvenréttindafélagi Íslands um auglýsingu í hátíðarútgáfu sem kemur út 19. júní n.k.

Hafnað.

Til kynningar:

- A. Umhverfisskýrsla Landsvirkjunar fyrir árið 2014.
- B. skýrsla um niðurstöður könnunar á innleiðingu og framkvæmd laga nr. 90/2008 um leikskóla og 91/2008 um grunnskóla. Könnunin var unnin af Attentus.
- C. Umhverfisstofnun- óheimilar auglýsingar meðfram vegum og annars staðar utan þéttbýlis.
- D. 828. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem haldinn var föstudaginn 29. maí sl.
- E. aðalfundar Háskólafélags Suðurlands frá 20. maí sl. ásamt skýrslu framkvæmdastjóra og stjórnar sem lögð var fram á fundinum auk afrits af ársreikningi.
- F. Sass-samantekt ráðgjafafyrirtækisins Alta um hópaumræðurnar á skipulagsráðstefnunni sem fram fór á Hellu í lok mars sl.
- G. Bergisinn samþykktir.

Fundargerð yfirlésin og samþykkt

Fleira ekki gert

Fundi slitið kl. 19:03